



Reglur Þingeyjarsveitar um sölu fasteigna

1. Tilgangur og gildissvið

- Að tryggja samræmdar og faglegar aðgerðir við undirbúning og framkvæmd við sölu eigna Þingeyjarsveitar.

2. Ábyrgðarskipting

- Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að hefja sölumeðferð eigna. Byggðarráð móttækur tilboð í sölu eigna, með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar.
- Sveitarstjóri gerir tillögu til byggðarráðs um sölu eigna ásamt því að gera tillögu um ásett verð og söluskilmála ásamt því að hafa heimild til að samþykkja tilboð með fyrirvara um samþykki byggðarráðs og sveitarstjórnar.

3. Lýsing

3.1 Ákvörðun um athugun á sölu eigna.

Hugmyndir og tillögur um sölu eigna geta m.a. verið vegna breytinga skipulags, breytinga á starfsemi stofnana og sviða ásamt breytingu á starfsemi eignasjóðs eða annarra ástæðna sem þjóna hagsmunum Þingeyjarsveitar. Slíkum hugmyndum og tillögum skal beint til sveitarstjóra sem gerir tillögu til byggðarráðs um framhald málsins eftir atvikum.

3.2 Ferli við sölu eigna.

- Almenn eru fasteignir sveitarfélagsins ekki seldar án undangeinnar auglýsingar. Er það gert til að tryggja jafnræði á milli þeirra sem kunna að hafa áhuga á eða hag af kaupum eignanna. Sveitarstjórn áskilur sér rétt til að víkja frá meginreglunni um auglýsingu eigna ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.
- Byggðarráð gerir tillögu til sveitarstjórnar hvort verð skuli vera fastákveðið, tilboð eða ákveðið lágmarksverð. Sveitarstjórn getur áskilið sér að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum.
- Við sölu fasteignar skal leita eftir og hafa hliðsjón af, verðmati löggilts fasteignasala eða sérfróðra aðila.
- Sveitarstjóri gerir tillögu til byggðarráðs um ásett verð og aðra söluskilmála sem lagðir eru fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.
- Að fengnu samþykki sveitarstjórnar hefst sölufarli, eign er auglýst á vef Þingeyjarsveitar ásamt söluvef löggilts fasteignasala, eftir því sem við á.
- Sveitarstjóri samþykkir tilboð og/eða gagntilboð með fyrirvara um samþykki byggðarráðs og staðfestingu sveitarstjórnar.



- Eftir að tilboð er samþykkt með fyrirvara, er það lagt fyrir byggðarráð til staðfestingar eða synjunar. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu byggðarráðs og veitir sveitarstjóra umboð til að undirritunar kaupsamnings
- Í framhaldi af því eru greiðslur innheimtar og gengið frá afhendingu, mælaálestri.

Samþykkt á 32. fundi byggðarráðs 5. desember 2024

Samþykkt á 52. fundi sveitarstjórnar Pingeyjarsveitar þann 12. desember 2024